

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 208/2015

2017/EES/19/12

frá 25. september 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/254 frá 11. febrúar 2015 um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/5/EBE um aðstoð við framkvæmdastjórnina og samstarf af hálfu aðildarríkjanna um vísindalegar athuganir á sviði matvæla ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar (ESB) 2015/254 fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/5/EBE ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 54g (tilskipun ráðsins 93/5/EBE) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„54g. **32015 L 0254**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/254 frá 11. febrúar 2015 um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/5/EBE um aðstoð við framkvæmdastjórnina og samstarf af hálfu aðildarríkjanna um vísindalegar athuganir á sviði matvæla (Stjtíð. ESB L 43, 18.2.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/254, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 43, 18.2.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 52, 4.3.1993, bls. 18.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.